



Fjölskyldusvið Húnaþings vestra

Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga
sími 455-2400, símbref 4552409

Reglur Húnaþings vestra um sérstaka íþróttá- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum skólaárið 2020 – 2021. Í fjárukaalögum fyrir árið 2020, sbr. lög nr. 26/2020, nr. 36/2020, um afmarkaðar og tímabundnar ráðstafanir til að bregðast við áhrifum COVID-19 faraldursins, var samþykkt 600 m.kr. framlag til sveitarfélaga í því skyni að gera þeim kleift að veita styrki til tekjulágra heimila, þannig að öll börn geti óháð efnahag stundað íþróttir og aðrar tómstundir. Reglur þessar gilda um úthlutun sérstakra íþróttá- og tómstundastyrkja hjá Húnaþingi vestra.

1. gr.

Börn fædd á árunum 2005 til 2014 sem eiga lögheimili á heimili þar sem heildartekjur framfærenda, einstaklings, hjóna eða sambúðarfólks, voru að meðaltali lægri en 740.000 kr. á mánuði á tímabilinu mars til júlí 2020 eiga rétt á sérstökum íþróttá- og tómstundastyrk vegna kostnaðar við íþróttá- og tómstundastarf á skólaárinu 2020-2021. Skilyrði fyrir styrk er að styrkþegi eigi lögheimili í Húnaþingi vestra.

2. gr.

Áður en umsækjandi sækir um styrkinn kannar hann rétt sinn hjá Ísland.is. Þar fær hann sjálfvirka niðurstöðu um hvort hann uppfylli tekjuviðmið eða ekki. Þegar sjálfvirk niðurstaða liggur fyrir sækir umsækjandi um styrkinn til fjölskyldusviðs Húnaþings vestra. Umsóknaeyðublað er hægt að nálgast hér eða á skrifstofu Húnaþings vestra.

3. gr.

Umsóknir skulu berast fyrir 1.mars 2021 og skal umsóknum skilað á skrifstofu Húnaþings vestra, með þeim skulu fylgja gögn um kostnað umsækjanda við íþróttá- og tómstundastarf barnsins á árinu 2020-2021.

4. gr.

Um skilgreiningu á íþróttá- og tómstundastarfi, þar er átt við skipulagt frístundastarf sem stundað er undir leiðsögn þjálfara eða leiðbeinanda. Þetta á t.d. við um íþróttastarf sem stundað er á vegum viðurkenndra íþróttafélaga, tónlistarnám í tónlistarskóla, dans í dansskólum, skátastarf eða klúbbastarf og annað reglubundið frístundastarf. Einnig má nýta

hann fyrir námskeið fyrir börn eins og í leiklist, tölvunámskeið, sjálfstyrkingu og fl. og árskort eða 3 mánaðakort í líkamsræktarstöð eða sund.

5. gr.

Íþrótt- og tómstundastyrkir verða greiddir samkvæmt umsóknum til sveitarfélags. Styrkur getur að hámarki verið 45.000 kr.- fyrir hvert barn. Ef sækja á um almennan frístundastyrk hjá sveitarfélaginu skal fylgja reglum þar um, ekki er hægt að nota sömu gögn í þeirri umsókn og skilað er með umsókn um sérstakan styrk sem hérna er fjallað um.

6. gr.

Sé umsækjandi ósáttur við niðurstöðu styrkveitingar getur hann sent skriflegt erindi þess efnis til félagsmálaráðs eftir að niðurstaða hefur verið kynnt. Félagsmálaráð skal fjalla um málið og skila álitum síðar en 7 dögum eftir að erindið hefur verið tekið fyrir hjá ráðinu.

Samþykkt af sveitarstjórn þann 14. janúar 2021.